

Þingsályktun

um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að undirbúa lagafrumvarp um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Við gerð frumvarpsins verði þess gætt að eftirlitsaðili samkvæmt fyrirhuguðu frumvarpi fái m.a. þau verkefni að:

- a. hefja athugun að eigin frumkvæði,
- b. taka við kærur einstaklinga sem telja lögreglu hafa brotið á réttindum sínum,
- c. rannsaka ætluð brot lögreglumanna í starfi,
- d. rannsaka tilkynningar um einelti og kynferðislega áreitni innan lögreglu,
- e. rannsaka efni nafnlausra ábendinga innan lögreglu eða stjórnslu.

Í frumvarpinu verði kveðið sérstaklega á um sjálfstæði eftirlitsaðilans.

Ráðherra leggi frumvarpið, ásamt kostnaðargreiningu, fyrir Alþingi eigi síðar en á vorþingi 2021.

Samþykkt á Alþingi 17. desember 2019.